

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í landi Bjarkar, Skútustaðahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, hefur sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkt deiliskipulag í landi Bjarkar, Skútustaðahreppi. Deiliskipulagssvæðið er um 6.000 m<sup>2</sup> að stærð og gerir ráð fyrir veitinga- og þjónustubyggingum auk bílastæða.

Ofangreind skipulagsáætlun hefur hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Skútustaðahreppi, 31. maí 2011.*

**Guðrún M. Valgeirsdóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 22. júní 2011